

AUGLÝSING

um gildistöku ákvæða er leiða af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið vegna flutninga á sjó.

1. gr.

Ákvæði ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 27/96 um breytingu á XIII. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið skulu öðlast gildi sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður komi aftan við lið 56b:

56c. Reglugerð ráðsins (EB) nr. 3051/1995 frá 8. desember 1995 um öryggisstjórnun á ekjufarþegaferjum.

2. gr.

Ofangreind gerð sem vísað er til í 1. gr. er birt í EES viðbæti við Stjórnartíðindi EB nr. 32, dags. 25. júlí 1996, bls. 70.

3. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um eftirlit með skipum nr. 35/1993, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 1. október 1996.

Halldór Blöndal.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

31. október 1996

Nr. 575

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Selfossveitna fyrir rafmagn.

Samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist eftirfarandi breyting á gjaldskrá Selfossveitna fyrir rafmagn er taki gildi við birtingu.

Við gjaldskrá Selfossveitna fyrir rafmagn nr. 250, 11. apríl 1995 bætist nýr liður:

Taxti A5. Orkuafhending rofin með dagsbirtu:

Tengigjald: 17.220,00 kr/tengingu

Aflgjald: 30,00 kr/W/ár

Orkugjald: 32,00 kr/W/ár

Sækja skal sérstaklega um viðskipti skv. taxtanum á þar til gerðum eyðublöðum.

Iðnaðarráðuneytinu, 31. október 1996.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Katrín Jóhannsdóttir.